

Uppruni raforku

Sértæk yfirlýsing fyrir árið 2020

Gildir fyrir almenna notendur

1. Inngangur

Skjal þetta sýnir uppruna raforku ásamt umhverfisáhrifum hennar. Niðurstöðurnar byggja á gögnum um raforkuframléiðslu á Íslandi og viðskiptum með upprunaábyrgðir raforku. Upplýsingar í yfirlýsingunni eru settar fram með vísan í reglugerð nr. 757/2012. Fyrirtæki sem afskrá upprunaábyrgðir eiga að birta sértæka yfirlýsingu sem Orkustofnun samþykkir. Öðrum fyrirtækjum sem selja upprunaábyrgðir en afskrá engar nægir að gefa út staðlaða yfirlýsingu.

2. Innleiðing

Með lögum nr. 30/2008 með síðari breytingum, er innleitt ákvæði tilskipunar nr. 2009/28/EB um útgáfu upprunaábyrgða vegna raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum. Sölufrirtæki sem ekki selja upprunaábyrgðir eða aðrar sambærilegar afurðir skulu gefa út staðlaða yfirlýsingu.

3. Stöðluð yfirlýsing

Nánari upplýsingar um staðlaða yfirlýsingu og framleiðslu á raforku á Íslandi má sjá á vefsíðu Orkustofnunar:

www.os.is/raforka/raforkunotandinn/uppruni_raforku


4. Nánar um sértæka yfirlýsingu

Sölufrirtæki raforku hefur heimild til að kaupa upprunaábyrgðir og afskrá þær í eigin þágu. Með því eykst vægi á uppruna raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum hætti. Sértæka yfirlýsingin sýnir hlutfall af afskráðri raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum hætti, eða það magn af raforku sem upprunaábyrgðir hafa verið gefnar út fyrir, í hlutfalli við heildarsölu fyrirtækisins. Fyrirtæki sem kaupir upprunaábyrgðir og afskráir sama magn og það framleiðir sýnir þannig uppruna raforku sem er 100% endurnýjanleg. Nánar er kveðið á um sértæka yfirlýsingu í 9. og 10. gr. framangreindrar reglugerðar.

Athygli er vakin á því að sértæk yfirlýsing gildir fyrir almenna notendur sem eru á sömu gjaldskrá, en ekki stórnotendur.

Skífurit til vinstri sýnir sértæka yfirlýsingu og þann hluta á milli keyptra upprunaábyrgða og þann hluta sem kemur frá almennri yfirlýsingu.

Samkvæmt sértækri yfirlýsingu er uppruni raforku hjá Íslensk orkumiðlun 100% endurnýjanleg raforka. Stöðluð yfirlýsing er til hægri og gildir fyrir sölufrirtæki raforku sem ekki afskrá upprunaábyrgðir.



Raforkusali: Íslensk orkumiðlun ehf.

Heimilisfang: Dalveggi 10-14. 201 Kópavogi

Sími: 440 1100

Heimasíða: www.iom.is

5. Skipting endurnýjanlegrar raforku

Sölufrirtæki raforku sem afskrá upprunaábyrgðir fyrir sinni raforkusölu hafa heimild til að nota sértæka yfirlýsingu sem Orkustofnun gefur út. Ef afskráning nær ekki til 100% af heildar raforkusölu fyrirtækisins kemur fram í sértæku yfirlýsingunni hlutfallið á milli endurnýjanlegrar orku og stöðluðu yfirlýsingu sem Orkustofnun gefur út. Sölufrirtæki sem afskrá 100% af eigin heildarsölu raforku eða meira geta gefið út að öll raforkusala þeirra sé 100% endurnýjanleg raforka.

Orkustofnun staðfestir magn afskráðra upprunaábyrgða fyrir hvert fyrirtæki.

6. Úrgangsefni miðað við uppruna raforkunnar

Samkvæmt tilskipun 2009/28/EB er losun koldíoxíðs ekki meðtalin við útreikning á magni losunarefna vegna raforku framleiddrar með vatnsorku eða jarðvarma. Þar sem framleiðsla á raforku með jarðefnaeldsneyti er aðeins 0,01% af heildarframleiðslu er losun koldíoxíðs ekki mælanleg í íslenskrí raforkuframléiðslu. Losun koldíoxíðs og geislavirks úrgangs er því eingöngu sett fram vegna uppruna raforku, að teknu tillit til seldrar upprunaábyrgða.

Losun koldíoxíðs og kjarnorkuúrgangs í hlutdeild raforku á Íslandi, út frá uppruna.

Úrgangsefni	2020	Ein.
Koldíoxíð	377,91	gCO ₂ /kWh
Geislavirkur úrgangur	1,08	mg/kWh